

**Sp. 574. Tillaga til þingsályktunar [295. mál]**

um beint útvarp frá Alþingi.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson,  
Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja beina útsendingu útvarps frá daglegum fundum Alþingis í ársbyrjun 1985.

**G r e i n a r g e r ð .**

Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að útvarpað verði beint, á sérstökum bylgjulengdum, frá fundum Alþingis, þ. e. fundum deilda og sameinaðs þings. Með þessari skipan gæfist landsmönnum kostur á beinna og skilvirkara lýðræði.

Almenningur á Íslandi fær mjög takmarkaðar upplýsingar um störf Alþingis frá degi til dags. Það er algerlega undir hælinn lagt hvort, og þá hvernig, málgögn flokkanna segja frá umræðum um einstök mál á þingi. Ríkisfjölmiðlunum er í þessum efnum þröngur stakkur sniðinn. Þessir fjölmiðlar velja og hafna. Þeir ákveða fyrir fólkið hvað er rétt og hvað ekki. Til að fylgjast beint með umræðum á þingi verða menn að gera sér ferð í Alþingishúsið. Það er fjarri því að allur almenningur hafi tök á að koma á áheyrndapalla þingsins vegna vinnu sinnar og búsetu.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að það sé í anda nútíma upplýsingastefnu að gefa landsmönnum kost á að fylgjast með umræðum á Alþingi um leið og þær fara fram. Þannig yrði umræða á þinginu flutt jafnóðum inn á almenna vinnustaði og heimili landsins.

Flutningsmenn vænta þess að þetta fyrirkomulag gæti veitt alþingismönnum heilbriggt aðhald og verið upplýsandi fyrir umbjóðendur þeirra. Þannig er þess vænst að beint alþingisútvarp auki almenna virkni landsmanna í þjóðmálaumræðu, sem er nauðsynleg undirstaða nútíma lýðræðis.